



Reykjavík, 21. desember 2016

## **GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU STARFSLEYFIS FYRIR LÍFVÍSINDASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS**

---

### **INNGANGUR**

Lífvísindasetur Háskóla Íslands hefur sótt um breytingu á starfsleyfi sem gefið var út árið 2014, fyrir afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki I og II, við Vatnsmýrarveg 16, 101 Reykjavík. Sótt er um að starfsleyfið nái einnig til starfsstöðvar Lífvísindaseturs Háskóla Íslands, að Sturlugötu 8.

Umhverfisstofnun hefur leitað umsagna Vinnueftirlitsins og ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur. Hvorugur umsagnaraðili gerði athugasemdir við breytinguna.

### **BREYTING SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI**

- Fallist hefur verið á að breyta grein 1.2 í núgildandi starfsleyfi, sem fjallar um umfang starfseminnar, á þá leið að starfsleyfið nær nú einnig til starfsstöðvar Lífvísindaseturs Háskóla Íslands að Sturlugötu 8, svæði á 2. hæð í vesturálmú byggingarinnar, samkvæmt korti er fylgdi umsókn þann 4. nóvember 2016.
- Engar aðrar efnislegar breytingar voru gerðar á starfsleyfinu.